

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2005/66/EB

frá 26. október 2005

## um notkun varnarbúnaðar framan á vélknúnum ökutækjum og um breytingu á tilskipun ráðsins 70/156/EBE

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFNA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna<sup>(1)</sup>,í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans<sup>(2)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Notkun búnaðar, sem veitir viðbótarvörn framan á vélknúnum ökutækjum, hefur aukist á undanföllum árum. Sumar gerðir þessa búnaðar stofna öryggi gangandi vegfarenda og annarra vegfarenda í hættu ef til árekstrar kemur. Því er ráðstafana krafist til að vernda almenning gegn slíkri hættu.
- 2) Varnarbúnaður að framan getur verið upprunalegur búnaður sem er festur á ökutæki eða settur á markað sem aðskilin tæknieining. Tæknilegar kröfur vegna gerðarviðurkenningar vélknúinna ökutækja, með tilliti til alls varnarbúnaðar sem kann að vera festur framan á ökutæki, skulu samræmdar til að koma í veg fyrir að samþykktar verði mismunandi kröfur frá einu aðildarríki til annars og til að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins. Af sömu ástæðu er nauðsynlegt að samræma tæknilegar kröfur vegna gerðarviðurkenningar varnarbúnaðar framan á ökutækjum sem aðskilinnar tæknieiningar í skilningi tilskipunar ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra<sup>(3)</sup>.
- 3) Nauðsynlegt er að hafa eftirlit með notkun varnarbúnaðar framan á ökutækjum og setja kröfur um prófanir, smíði og uppsetningu sem allur varnarbúnaður framan á ökutækjum, sem annaðhvort er festur á það sem upprunalegur búnaður eða settur á markað sem aðskilin tæknieining, þarf að uppfylla. Í prófunum skal þess krafist að varnarbúnaður framan á ökutækjum sé hannaður á þann hátt að öryggi gangandi vegfarenda sé bætt og dregið sé úr fjölda áverka.

- 4) Einnig skal taka tillit til þessara krafna í tengslum við vernd gangandi vegfarenda og annarra óvarinna vegfarenda og með tilliti til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/102/EB frá 17. nóvember 2003 um vernd fótgangandi og annarra óvarinna vegfarenda í undanfara árekstrar og við árekstur við vélknúð ökutæki og um breytingu á tilskipun ráðsins 70/156/EBE<sup>(4)</sup>. Þessi tilskipun skal endurskoðuð í ljósi frekari rannsókna og fenginnar reynslu á fyrstu fjórum árum beitingar hennar.
- 5) Tilskipun þessi er ein sértilskipananna innan ramma gerðarviðurkenningaraðferðar Bandalagsins sem var tekin upp með tilskipun 70/156/EBE.
- 6) Framkvæmdastjórnin skal fylgjast með áhrifum þessarar tilskipunar og gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu. Ef það telst nauðsynlegt, til að ná fram frekari úrbótum í vernd gangandi vegfarenda, skal framkvæmdastjórnin gera tillögur að breytingu á þessari tilskipun í samræmi við tækniframfarir.
- 7) Samt sem áður er viðurkennt að tilskipun 2003/102/EB gildir ekki um tiltekin ökutæki sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar og sem hægt er að festa varnarbúnað framan á. Lítið er svo á að fyrir slík ökutæki kunni prófunarkröfurnar fyrir lærlegginn í þessari tilskipun að vera tæknilega óframkvæmanlegar. Til að greiða fyrir úrbótum á öryggi gangandi vegfarenda, með tilliti til höfuðáverka, kann að vera nauðsynlegt að leyfa aðrar kröfur fyrir prófanir á lærlegg, sem gilda einungis um þessi ökutæki, en um leið að tryggja að uppsetning á hvers kyns varnarbúnaði framan á ökutækjum auki ekki hættuna á að gangandi vegfarendur eða aðrir óvarðir vegfarendur hljóti áverka á fötum.
- 8) Samþykkja skal nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun og aðlögun hennar að framförum á sviði vísinda og tækni í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið<sup>(5)</sup>.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB C 112, 30.4.2004, bls. 18.<sup>(2)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 26. maí 2005 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB) og ákvörðun ráðsins frá 11. október 2005.<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 42, 23.2.1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/49/EB (Stjtið. ESB L 194, 26.7.2005, bls. 12).<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 321, 6.12.2003, bls. 15.<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

- 9) Þar eð aðildarríkin geta ekki náð til fulls markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að stuðla að öryggi gangandi vegfarenda og annarra óvarinna vegfarenda með því að mæla fyrir um tæknilegar kröfur um gerðarviðurkenningu ökutækja að því er varðar varnarbúnað framan á þeim, og sökum þess að líklegra er að þau náist á vettvangi Bandalagsins, getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar tilskipunar ekki lengra en nauðsynlegt er til að þessu markmiði verði náð.
- 10) Þessi tilskipun er hluti af evrópsku aðgerðaáætluninni um umferðaröryggi og heimilt er að bæta við hana innlendum ráðstöfunum til að banna eða takmarka notkun varnarbúnaðar framan á ökutækjum sem þegar er á markaðnum áður en hún tekur gildi.
- 11) Því ber að breyta tilskipun 70/156/EBE til samræmis við þetta.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

#### Viðfangsefni

Markmiðið með þessari tilskipun er að bæta öryggi gangandi vegfarenda og ökutækja með óbeinum ráðstöfunum. Í henni er mælt fyrir um tæknilegar kröfur vegna gerðarviðurkenningar á ökutækjum, að því er varðar varnarbúnað framan á þau, sem er festur á ökutæki sem upprunalegur búnaður eða afhentur sem aðskilin tæknieining.

*2. gr.*

#### Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka og hugtakanna í 1. lið I. viðauka sem hér segir:

- „ökutæki“: öll vélknúin ökutæki í undirflokki M1, eins og þau eru skilgreind í 2. gr. tilskipunar 70/156/EBE og í II. viðauka við hana með leyfilegum heildarmassa sem er ekki meiri en 3,5 tonn og öll vélknúin ökutæki í undirflokki N1, eins og þau eru skilgreind í 2. gr. í tilskipun 70/156/EBE og í II. viðauka við hana,
- „aðskilin tæknieining“: allar aðskildar tæknieiningar í skilningi 2. gr. tilskipunar 70/156/EBE og sem ætlaðar eru til áfestingar og notkunar í einni eða fleiri gerðum ökutækja.

*3. gr.*

#### Ákvæði um gerðarviðurkenningu

- Að því er varðar nýja gerð ökutækja, sem er búin varnarbúnaði að framan, og er í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í I. og II. viðauka, skulu aðildarríkin ekki, frá

og með 25. ágúst 2006 af ástæðum er varða varnarbúnað að framan:

a) synja um EB-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu,

b) banna að ökutækin verði skráð, seld eða tekin í notkun.

2. Að því er varðar nýja gerð varnarbúnaðar framan á ökutæki, sem boðin er sem aðskilin tæknieining og er í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í I. og II. viðauka, skulu aðildarríkin ekki, frá og með 25. ágúst 2006:

a) synja um EB-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu,

b) banna að ihluturinn verði seldur eða tekinn í notkun.

3. Að því er varðar nýja gerð ökutækis sem búin er varnarbúnaði að framan, eða nýja gerð varnarbúnaðar framan á ökutæki, sem afhentur er sem aðskilin tæknieining og er ekki í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í I. og II. viðauka, skulu aðildarríkin synja um EB-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu frá og með 25. nóvember 2006.

4. Að því er varðar ökutæki, sem eru ekki í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í I. og II. viðauka, skulu aðildarríkin, frá og með 25. maí 2007, af ástæðum er varða varnarbúnað framan á ökutæki:

a) líta svo á að samræmisvottorð, sem fylgja nýjum ökutækjum í samræmi við tilskipun 70/156/EBE, gildi ekki lengur að því er varðar 1. mgr. 7. gr. þeirrar tilskipunar,

b) banna að ný ökutæki verði skráð, seld eða tekin í notkun ef þeim fylgja ekki samræmisvottorð í samræmi við tilskipun 70/156/EBE.

5. Frá og með 25. maí 2007 gilda kröfurnar í I. og II. viðauka um varnarbúnað framan á ökutæki, sem boðinn er sem aðskilinn tæknieining, að því er varðar 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 70/156/EBE.

*4. gr.*

#### Framkvæmdarráðstafanir og breytingar

1. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ítarlegar, tæknilegar kröfur um ákvæði varðandi prófanir sem mælt er fyrir um í 3. lið í viðaukanum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 13. gr. í tilskipun 70/156/EBE.

2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja breytingar, sem nauðsynlegar eru, vegna aðlögunar á þessari tilskipun í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 13. gr. tilskipunar 70/156/EBE.

5. gr.

#### Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 25. ágúst 2010, endurskoða tæknileg ákvæði þessarar tilskipunar í ljósi tækniþróunar og fenginnar reynslu, einkum skilyrðin fyrir því að krefjast prófunarinnar lærleggur í varnarbúnað framan á ökutæki, að gerð sé prófunin höfuðlíkan fullorðins í varnarbúnað framan á ökutæki og notaðar forskriftir fyrir prófunina höfuðlíkan barns í varnarbúnað framan á ökutæki. Niðurstöður þessarar endurskoðunar verða viðfangsefni skýrslu sem framkvæmdastjórnin leggur fyrir Evrópuþingið og ráðið. Ef í kjölfar þessarar endurskoðunar er talið viðeigandi að samþykkja tæknileg ákvæði þessarar tilskipunar skulu þau samþykkt í samræmi við málmeðferðina sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 13. gr. tilskipunar 70/156/EBE.

6. gr.

#### Breytingar á tilskipun 70/156/EBE

Ákvæðum I., III., IV. og IX. viðauka við tilskipun 70/156/EBE er hér með breytt í samræmi við III. viðauka við þessa tilskipun.

7. gr.

#### Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 25. ágúst 2006. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 25. ágúst 2006.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

8. gr.

#### Aðskildar tæknieiningar

Tilskipun þessi skal ekki hindra að aðildarríkin geti bannað eða takmarkað notkun varnarbúnaðar framan á ökutæki, sem settur er á markað sem aðskilin tæknieining, áður en þessi tilskipun tekur gildi.

9. gr.

#### Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

10. gr.

#### Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 26. október 2005.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

J. BORRELL FONTELLES

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

D. ALEXANDER

*Forseti.*

## SKRÁ YFIR VIÐAUKA

I. VIÐAUKI Tæknileg ákvæði

II. VIÐAUKI Stjórnsýsluákvæði um gerðarviðurkenningu:

1. *viðbætur*: Upplýsingaskjal (ökutæki)
2. *viðbætur*: Upplýsingaskjal (aðskilin tæknieining)
3. *viðbætur*: EB-gerðarviðurkenningarvottorð (ökutæki)
4. *viðbætur*: EB-gerðarviðurkenningarvottorð (aðskilin tæknieining)
5. *viðbætur*: Dæmi um EB-gerðarviðurkenningarmerki

III. VIÐAUKI Breytingar á tilskipun 70/156/EBE

## I. VIÐAUKI

## TÆKNILEG ÁKVÆÐI

## 1. SKILGREININGAR

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

## 1.1. „Gerð ökutækis“: flokkur vélknúinna ökutækja sem eru ekki frábrugðin, fyrir framan A-stoðirnar, með tilliti til eftirfarandi grundvallaratriða:

- a) burðarvirkis,
- b) helstu mála,
- c) smíðaefnis ytri flata ökutækisins,
- d) fyrirkomulags íhluta (að utan eða innan),
- e) aðferðar við að festa varnarbúnað framan á ökutækið,

að svo miklu leyti sem þau hafa áhrif á gildi þeirra höggprófana sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

Að því er varðar varnarbúnað framan á ökutækinu sem á að gerðarviðurkenna sem aðskilda tæknieiningu má túlka allar tilvísanir til ökutækisins sem tilvísanir í grindina sem búnaðurinn er festur á til prófunar og sem ætlað er að svara til ytri mála framhluta tilteknu ökutækjagerðarinnar sem verið er að gerðarviðurkenna búnaðinn fyrir,

## 1.2. „venjuleg akstursstaða“: staða ökutækisins, þegar það er tilbúið til aksturs, staðsett á jörðinni með hjólbarðana fyllta af lofti í þann loftþrýsting sem mælt er með og framhjólín visa beint fram, hámarksáfylling allra vökva, sem eru nauðsynlegir til notkunar ökutækisins, með allan staðalbúnað frá framleiðanda ökutækisins, með 75 kg massa, sem settur hefur verið á sæti ökumanns, og 75 kg massa, sem settur er í farþegasæti að framan, og fjöðrunin stillt á aksturshraða sem nemur 40 km/klst. eða 35 km/klst. við venjuleg akstursskilyrði sem framleiðandi tilgreinir (einkum fyrir ökutæki með virka fjöðrun eða sjálfvirkkan hæðarstillingarþúnað),

## 1.3. „ytra borð“: ökutækið að utan fyrir framan A-stoðirnar, þ.m.t. vélarhlíf, bretti, ljósa- og ljósmerkjabúnaður og sýnilegir styrktarihlutir,

## 1.4. „krappageisli“: geisli hringboga sem kemst næst því að vera hringlaga form íhlutarins sem um ræðir,

## 1.5. „ysta brún“ ökutækis á hlið, er plan samsíða lengdarmiðjuplanu ökutækisins sem fellur saman við ytri hliðarbrún þess og til endanna að framan og aftan, lóðrétt þverplan ökutækisins sem fellur saman við ytri fram- og afturbrúnir en ekki er tekið tillit til útskögunar:

- a) hjólbarða nálægt snertipunkti þeirra við jörðu og tenginga fyrir þrýstímæla hjólbarða,
- b) hvers kyns skriðvarnarbúnaðar sem er hugsanlega settur á hjólbarðana,
- c) baksýnispegla
- d) stefnuljóska á hliðum, breiddarljóska, stöðuhliðarljóska að framan og aftan og stöðuljóska,
- e) hluta sem festir eru á fram- og afturstuðara, dráttarbúnaðar og útblástursröra,

## 1.6. „stuðari“: neðri hluti, ytra burðarvirkis ökutækis að framan eins og það er gerðarviðurkennt. Til hans teljast allir hlutir ökutækisins sem ætlað er að verja ökutæki þegar það lendir í árekstri að framan á litlum hraða við annað ökutæki og einnig allir hlutir, svo sem skráningarplötur, sem eru festir við þennan hlut. Til hans telst ekki búnaður sem er festur á ökutækið eftir gerðarviðurkenningu og er ætlað að veita viðbótarvörn að framan fyrir ökutækið,

## 1.7. „varnarbúnaður framan á ökutæki“: sérstakur hluti eða hlutar, svo sem stórgripavörn (bull bar) eða viðbótarstuðari, sem ætlað er að verja ytra borð ökutækisins fyrir ofan og/eða neðan stuðarann sem er upprunalegur búnaður gegn skemmdum ef kemur til árekstrar við hlut. Hlutar, með hámarks massa sem er minni en 0,5 kg, ætlaðir einungis til að verja ljóskerin, eru undanþegnir þessari skilgreiningu,

- 1.8. „viðmiðunarlína fremstu brúnar vélarhlífar“: rúmfræðileg skurðlína snertipunktanna sem liggur á milli beinnar brúnar, sem er 1 000 mm að lengd, og yfirborðs vélarhlífarinnar að framan, þegar beina brúnin, sem er höfð samsíða lóðréttu lengdarmiðjuplaninu ökutækisins og sem hallar aftur um 50° og lægri endinn er 600 mm fyrir ofan jörðu, er færð yfir og í snertingu við fremstu brún vélarhlífarinnar. Að því er varðar ökutæki þar sem yfirborð efri hluta vélarhlífarinnar hallar að jafnaði um 50°, þannig að beina brúnin er í stöðugri snertingu eða snertir á mörgum stöðum í stað þess að snerta í einum punkti, er viðmiðunarlínan ákvörðuð með beinu brúninni sem hallar aftur um 40°. Að því er varðar ökutæki sem eru þannig löguð að neðsti hluti beinu línunnar snertir fyrst, þá telst sú snerting vera viðmiðunarlína fremstu brúnar vélarhlífarinnar í þeirri hliðarstöðu. Að því er varðar ökutæki sem eru þannig löguð að efsti hluti beinu línunnar snertir fyrst, þá er rúmfræðileg skurðlína með ummálsfjarlægð, sem nemur 1 000 mm eins og skilgreint er í lið 1.13, notuð sem viðmiðunarlína fremstu brúnar vélarhlífarinnar í þeirri hliðarstöðu. Einnig skal líta á efsta hluta stuðarans sem fremstu brún vélarhlífarinnar, að því er þessa tilskipun varðar, ef beina brúnin snertir hann þegar þessi aðferð er notuð.
- 1.9. „efri viðmiðunarlína varnarbúnaðar framan á ökutæki“: efri mörk mikilvægra punkta að því er varðar snertingu gangandi vegfarenda við varnarbúnaðinn framan á ökutækinu eða ökutækið. Hún er rúmfræðileg skurðlína efstu snertipunkta milli beinu brúnarinnar, sem er 700 mm að lengd, og varnarbúnaðarins framan á ökutækinu eða framhluta ökutækisins (hvort heldur sem hún snertir), þegar beina brúnin, sem er höfð samsíða lóðréttu lengdarplaninu ökutækisins og hallar aftur um 20°, er færð yfir framhluta ökutækisins en snertir samt áfram jörðina og yfirborð varnarbúnaðarins eða ökutækisins,
- 1.10. „neðri viðmiðunarlína varnarbúnaðar framan á ökutæki“: neðri mörk punkta sem skipta máli að því er varðar snertingu gangandi vegfarenda við varnarbúnaðinn framan á ökutækinu eða ökutækið sjálf. Hún er rúmfræðileg skurðlína neðstu snertipunkta milli beinu brúnarinnar, sem er 700 mm að lengd, og varnarbúnaðarins framan á ökutækinu þegar beina brúnin, sem er höfð samsíða lóðréttu lengdarplaninu ökutækisins og hallar fram um 25°, er færð yfir framhluta ökutækisins en snertir samt áfram jörðina og yfirborð varnarbúnaðarins eða ökutækisins,
- 1.11. „efri hæð varnarbúnaðar framan á ökutæki“: lóðrétt fjarlægð frá jörðu í efri viðmiðunarlínu varnarbúnaðar framan á ökutæki, sem skilgreind er í lið 1.9 með ökutækið í venjulegri akstursstöðu.
- 1.12. „neðri hæð varnarbúnaðar framan á ökutæki“: lóðrétt fjarlægð frá jörðu í neðri viðmiðunarlínu varnarbúnaðar framan á ökutækinu, sem skilgreind er í lið 1.10, með ökutækið í venjulegri akstursstöðu.
- 1.13. „1 000 mm ummálsfjarlægð“: rúmfræðileg skurðlína sem dregin er á fremra, efra yfirborð með öðrum enda sveigjanlegs bands, sem er 1 000 mm að lengd, þegar því er haldið í lóðréttu plani fyrir framan og aftan ökutækið og fært fram fyrir stuðara á vélarhlíf og varnarbúnaðinn framan á ökutækinu. Bandinu er haldið strekktu meðan á aðgerðinni stendur og öðrum endanum er haldið í snertingu við jörðina, lóðrétt fyrir neðan framhlið stuðarans og hinum endanum haldið í snertingu við efri flötinn að framanverðu. Ökutækið er í venjulegri akstursstöðu,
- 1.14. „viðmiðunarlína fremstu brúnar varnarbúnaðar framan á ökutækinu“: rúmfræðileg skurðlína snertipunktanna sem liggur á milli beinnar brúnar, sem er 1 000 mm að lengd, og varnarbúnaðarins framan á ökutækinu, þegar beina brúnin, sem er höfð samsíða lóðréttu lengdarmiðjuplaninu ökutækisins og sem hallar aftur um 50°, er færð yfir og í snertingu við fremstu brún varnarbúnaðarins framan á ökutækinu. Að því er varðar ökutæki þar sem yfirborð efri hluta varnarbúnaðarins framan á ökutækinu hallar að jafnaði um 50°, þannig að beina brúnin er í stöðugri snertingu eða snertir á mörgum stöðum í stað þess að snerta í einum punkti, er viðmiðunarlínan ákvörðuð með beinu brúninni sem hallar aftur um 40°.
- 1.15. „Álagsviðmiðun fyrir höfuð (Head Performance Criterion, HPC)“ skal reiknuð með jöfnunni:

$$HPC = (t_2 - t_1) \left[ \frac{1}{t_2 - t_1} \int_{t_1}^{t_2} a dt \right]^{2.5}$$

þar sem „a“ er hröðun sem verður í þungamiðju höfuðsins, (m/s<sup>2</sup>) sem margfeldi af „g“ skráð sem fall af tíma og síð við rásartíðniflokk 1 000 Hz ; t<sub>1</sub> og t<sub>2</sub> eru tveir tímapunktar sem skilgreina upphaf og endi viðkomandi skráningartímabils þar sem gildið fyrir álagsviðmiðun fyrir höfuð er hámarkið frá því snerting hefst og þar til henni lýkur. Þegar hámarksgildið er reiknað skal sleppa gildum fyrir HPC ef tímabilið (t<sub>1</sub> - t<sub>2</sub>) er lengra en 15 m/s.

## 2. ÁKVÆÐI UM SMÍÐI OG ÁFESTINGU

### 2.1. Varnarbúnaður framan á ökutæki

Eftirfarandi kröfur gilda jafnt um varnbúnað framan á ökutæki, sem er afhentur áfastur á nýjum ökutækjum, og varnbúnað framan á ökutæki sem er afhentur sem aðskilinn tæknieining til áfestingar á tilgreind ökutæki.

Samt sem áður er heimilt með samþykki lögbærs viðurkenningaryfirvalds að líta svo á að kröfurnar í 3. lið hafi verið uppfylltar, að öllu leyti eða að hluta til, með sambærilegri prófun sem fer fram á varnbúnaðinum samkvæmt annarri tilskipun um gerðarviðurkenningu.

2.1.1. Íhlutir varnbúnaðar framan á ökutæki skulu hannaðir þannig að allir stífir fletir, sem hægt er að snerta með 100 mm kúlufleti, hafi krappageisla sem er að lágmarki 5 mm.

2.1.2. Heildarmassi varnbúnaðar framan á ökutæki, þ.m.t. allar festingar, skal ekki vera meiri en 1,2% af massa ökutækisins, sem hann er hannaður fyrir, og að hámarki 18 kg.

2.1.3. Hæð varnbúnaðar framan á ökutæki, þegar hann er áfastur ökutækinu, skal ekki vera meiri en 50 mm hæri en nokkur punktur viðmiðunarlinu fremstu brúnar vélarhlífarrinnar eins og skilgreint er í lið 1.8 á lóðréttu lengdarmiðjuhlutanum í gegnum ökutækið í þeim punkti.

2.1.4. Varnarbúnaður framan á ökutæki skal ekki auka breidd ökutækisins sem hann er festur á. Ef heildarbreidd varnbúnaðarinnar að framan er meiri en 75% af breidd ökutækisins skulu endar hans sveigðir inn að ytra borði til að draga úr hættu á að þeir krækist í hluti. Þessi krafa telst uppfyllt ef varnbúnaður framan á ökutæki er felldur inn í eða sambyggður yfirbyggingunni eða endar búnaðarinn eru sveigðir þannig að þeir snerti ekki 100 mm kúluflet og bilið milli enda búnaðarinnar og yfirbyggingarinnar er ekki meira en 20 mm.

2.1.5. Með fyrirvara um lið 2.1.4 skal bilið milli íhluta varnbúnaðarinnar framan á ökutækinu og ytra borðsins, sem er undir honum, ekki vera meira en 80 mm. Líta skal framhjá staðbundnum misfellum í almennum útlinum undirliggjandi yfirbyggingar (svo sem opum í grillum, loftinntaki o.s.frv.).

2.1.6. Lengdarfjarlægð milli fremsta hluta stuðarans og fremsta hluta varnbúnaðarinnar framan á ökutækinu skal ekki vera meiri en 50 mm á neinum stað á hlið ökutækisins til að stuðarinn geri sitt gagn.

2.1.7. Varnarbúnaðurinn að framan skal ekki draga verulega úr virkni stuðarans. Þessi krafa skal teljast uppfyllt ef ekki fleiri en tveir lóðréttir íhlutir og enginn láréttur íhlutur varnbúnaðarinnar framan á ökutækinu liggja yfir stuðarann.

2.1.8. Varnarbúnaðurinn framan á ökutækinu skal ekki halla fram fyrir lóðréttu planið. Efstu hlutar varnbúnaðarinnar framan á ökutækinu skulu ekki ná meira en 50 mm upp eða aftur (í átt að framrúðunni) frá viðmiðunarlinu fremstu brúnar vélarhlífarrinnar ökutækisins, eins og skilgreint er í lið 1.8, þar sem varnbúnaðurinn framan á ökutækinu hefur verið fjarlægður. Allir mælipunktur eru á lóðréttu lengdarhlutanum í gegnum ökutækið í þeim punkti.

2.1.9. Áfesting varnbúnaðar framan ökutækinu skal ekki spilla fyrir því að kröfur annarra tilskipana um gerðarviðurkenningu ökutækja séu uppfylltar.

2.2. Ekki má dreifa, bjóða til sölu eða selja varnbúnað framan á ökutæki, sem er aðskilinn tæknieining, nema honum fylgi skrá yfir gerðir ökutækja sem hann er gerðarviðurkenndur fyrir og skýrar leiðbeiningar um samsetningu. Í samsetningarleiðbeiningunum skulu vera sérstakar leiðbeiningar um áfestingu, þ.m.t. aðferð við áfestingu á ökutækin, sem einingin hefur verið viðurkennd fyrir, og til að hægt sé að festa íhlutina á það ökutæki og með þeim hætti að það uppfylli viðkomandi ákvæði liðar 2.1.

## 3. ÁKVÆÐI UM PRÓFANIR

3.1. Varnarbúnaður framan á ökutæki verður að standast eftirfarandi prófanir til að hægt sé að viðurkenna hann:

- 3.1.1. Prófunarfötleggur í varnarbúnað framan á ökutæki. Prófunin er framkvæmd með 40 km/klst. hraða við höggið. Hámarkshornið, sem hnéd beygist í, skal ekki vera meira en 21,0°, hámarksskerfærsla hnés skal ekki vera meiri en 6,0 mm og hröðunin, sem er mæld við efri hluta sköflungsins, skal ekki vera meiri en 200 g.
- 3.1.1.1. Samt sem áður er með tilliti til varnarbúnaðar framan á ökutækinu, sem viðurkenndur er sem aðskilin tæknieining einungis til notkunar í tilgreind ökutæki með leyfilegan heildarmassa sem er ekki meiri en 2,5 tonn og sem hafa verið gerðarviðurkennd fyrir 1. október 2005 eða ökutæki með leyfilegan heildarmassa, sem er meiri en 2,5 tonn, annaðhvort hægt að skipta út ákvæðum liðar 3.1.1 fyrir ákvæði liðar 3.1.1.1.1 eða liðar 3.1.1.1.2.
- 3.1.1.1.1. Prófunin er framkvæmd með 40 km/klst. hraða við höggið. Hámarkshornið, sem hnéd beygist í, skal ekki vera meira en 26,0°, hámarksskerfærsla hnés skal ekki vera meiri en 7,5 mm og hröðunin sem er mæld við efri hluta sköflungsins skal ekki vera meiri en 250 g.
- 3.1.1.1.2. Prófanir eru framkvæmdar á ökutækinu með eða án áfests varnarbúnaðar framan á því með 40 km/klst. hraða við höggið. Þessar tvær prófanir skulu framkvæmdar á sambærilegum stöðum eins og viðkomandi prófunaryfirvöld samþykkja. Gildin fyrir hornið, sem hnéd beygist í, hámarksskerfærslu hnés og hröðunina, sem er mæld við efri hluta sköflungsins, skulu skráð. Í öllum tilvikum skal gildið, sem er skráð fyrir ökutækið sem búið er varnarbúnaði að framan, ekki vera 90% herra en gildið sem er skráð fyrir ökutækið án varnarbúnaðarins að framan.
- 3.1.1.2. Ef neðri hæð varnarbúnaðar framan á ökutækinu er meiri en 500 mm verður þessi prófun að koma í stað prófunarinnar prófunarlæggur í varnarbúnað framan á ökutæki eins og tilgreint er í lið 3.1.2.
- 3.1.2. Prófunarlæggur í varnarbúnað framan á ökutæki. Prófunin er framkvæmd með 40 km/klst. hraða við höggið. Augnablikssamtala höggkraftanna, með tilliti til tíma, skal ekki vera herra en 7,5 kN og beygjukraftvægið á höggprófunarbúnaðinum skal ekki vera meira en 510 Nm. Prófunin prófunarlæggur í varnarbúnað framan á ökutæki skal framkvæmd ef neðri hæð varnarbúnaðarins framan á ökutækinu í prófunarstöðu er meiri en 500 mm.
- 3.1.2.1. Hins vegar með tilliti til varnarbúnaðar framan á ökutæki, sem viðurkenndur er sem aðskilin tæknieining einungis til notkunar í tilgreind ökutæki með leyfilegan heildarmassa sem er ekki meiri en 2,5 tonn og sem hafa verið gerðarviðurkennd fyrir 1. október 2005 eða ökutæki með leyfilegan heildarmassa sem er meiri en 2,5 tonn, er annaðhvort hægt að skipta út ákvæðum liðar 3.1.2 fyrir ákvæði liðar 3.1.2.1.1 eða liðar 3.1.2.1.2.
- 3.1.2.1.1. Prófunin er framkvæmd með 40 km/klst. hraða við höggið. Augnablikssamtala höggkraftanna, með tilliti til tíma, skal ekki vera herra en 9,4 kN og beygjukraftvægið á höggprófunarbúnaðinum skal ekki vera meira en 640 Nm.
- 3.1.2.1.2. Prófanir eru framkvæmdar á ökutækinu með eða án áfests varnarbúnaðar framan á því með 40 km/klst. hraða við höggið. Þessar tvær prófanir skulu framkvæmdar á sambærilegum stöðum eins og viðkomandi prófunaryfirvöld samþykkja. Skrá skal gildin fyrir augnablikssamtölu höggkraftanna og beygjukraftvægið á höggprófunarbúnaðinum. Í öllum tilvikum skal gildið sem er skráð fyrir ökutækið, sem búið er varnarbúnaði að framan, ekki vera 90% herra en gildið sem er skráð fyrir ökutækið án varnarbúnaðarins að framan.
- 3.1.2.2. Þessarar prófunar er ekki krafist ef neðri hæð varnarbúnaðarins framan á ökutækinu er minni en 500 mm.
- 3.1.3. Prófunarlæggur í fremstu brún varnarbúnaðar framan á ökutækinu. Prófunin er framkvæmd með allt að 40 km/klst. hraða við höggið. Augnablikssamtala höggkraftanna, með tilliti til tíma, efst og neðst á höggbúnaðinn skal ekki vera herra en hugsanlegt markgildi sem nemur 7,5 kN og beygjukraftvægið á höggbúnaðinum skal ekki vera herra en hugsanlegt markgildi sem nemur 300 Nm. Báðar niðurstöður skulu einungis skráðar vegna eftirlits.
- 3.1.4. Líkan af höfði barns/smávakinnar fullorðinnar manneskju í varnarbúnað framan á ökutæki. Prófunin er framkvæmd með 35 km/klst. hraða við höggið og nota skal 3,5 kg höggprófunarbúnað sem er líkan af höfði barns/smávakinnar fullorðinnar manneskju. Álagsviðmið fyrir höfuð (HPC), sem er reiknað út frá hröðunarferlunum, í samræmi við lið 1.15 skal ekki vera meira en 1 000 í öllum tilvikum.

## II. VIÐAUKI

## STJÓRNSÝSLUÁKVÆÐI UM GERÐARVIÐURKENNINGU

1. UMSÓKN UM EB-GERÐARVIÐURKENNINGU
  - 1.1. Umsókn um EB-gerðarviðurkenningu á gerð ökutækis með tilliti til þess að það sé búið varnarbúnaði að framan.
    - 1.1.1. Fyrirmynd að upplýsingaskjalinu, sem krafist er skv. 1. mgr. 3. gr. í tilskipun 70/156/EBE, er að finna í 1. viðbæti.
    - 1.1.2. Láta ber tækniþjónustunni, sem annast gerðarviðurkenningar, í té dæmigert ökutæki fyrir þá gerð sem búin er varnarbúnaði að framan sem viðurkenna á. Að beiðni tækniþjónustunnar skal einnig láta í té sérstaka íhluti eða sýnishorn af eignum sem eru notuð.
  - 1.2. Umsókn um EB-gerðarviðurkenningu á varnarbúnaði framan á ökutæki sem telst vera aðskilin tæknieining.
    - 1.2.1. Fyrirmynd að upplýsingaskjalinu, sem krafist er skv. 4. mgr. 3. gr. í tilskipun 70/156/EBE, er að finna í 2. viðbæti.
    - 1.2.2. Láta ber tækniþjónustunni, sem annast gerðarviðurkenningar, í té sýnishorn af þeirri gerð varnarbúnaðar framan á ökutæki sem viðurkenna á. Tækniþjónustunni er heimilt að óska eftir frekari sýnishornum telji hún það nauðsynlegt. Merkja skal sýnishornin greinilega og óafmáanlega með viðskiptaheiti eða vörumerki umsækjanda og heiti gerðarinnar. Kveða skal á um lögboðna birtingu EB-gerðarviðurkenningarmerkisins.
2. VEITING EB-GERÐARVIÐURKENNINGAR
  - 2.1. Fyrirmyndir að EB-gerðarviðurkenningavottorðum, skv. 3. mgr. 4. gr. eða, ef við á, 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 70/156/EBE, er að finna í:
    - a) 3. viðbæti vegna umsókna sem um getur í lið 1.1,
    - b) 4. viðbæti vegna umsókna sem um getur í lið 1.2.
3. EB-GERÐARVIÐURKENNINGARMERKI
  - 3.1. Allur varnarbúnaður framan á ökutæki, sem er í samræmi við gerð, sem er viðurkennd samkvæmt þessari tilskipun, skal bera EB-gerðarviðurkenningarmerki.
  - 3.2. Merkið skal vera:
    - 3.2.1. Rétthyrningur utan um lágstafinn „e“ og skal auðkennandi númer eða bókstafir aðildarríkisins, sem veitti gerðarviðurkenninguna, fylgja:
      - 1 fyrir Þýskaland
      - 2 fyrir Frakkland
      - 3 fyrir Ítalíu
      - 4 fyrir Holland
      - 5 fyrir Svíþjóð
      - 6 fyrir Belgíu
      - 9 fyrir Spán
      - 11 fyrir Breska konungsríkið
      - 12 fyrir Austurríki
      - 13 fyrir Lúxemborg
      - 17 fyrir Finnland
      - 18 fyrir Danmörku
      - 21 fyrir Portúgal
      - 23 fyrir Grikkland
      - IRL fyrir Írland
      - 49 fyrir Kýpur
      - 8 fyrir Tékkland
      - 29 fyrir Eistland
      - 7 fyrir Ungverjaland
      - 32 fyrir Lettland
      - 36 fyrir Litháen

- 50 fyrir Möltu
  - 20 fyrir Pólland
  - 27 fyrir Slóvakíu
  - 26 fyrir Slóveníu
- 3.2.2. Nálægt réttthyrningnum er sett „grunnviðurkenningarnúmer“, sem er í 4. hluta gerðarviðurkenningarnúmersins er um getur í VII. viðauka við tilskipun 70/156/EBE, og þar fyrir framan tölustafirnir tveir sem gefa til kynna raðnúmer síðustu meiri háttar tæknibreytingar á þessari tilskipun þann dag sem EB-gerðarviðurkenning var veitt. Í þessari tilskipun er raðnúmerið 01.
- Stjarna, sem bætt er við fyrir aftan raðnúmerið, gefur til kynna að varnarbúnaðurinn framan á ökutækinu var viðurkenndur með tilliti til höggbúnaðar prófunarfótleggjar sem gert er ráð fyrir í lið 3.1.1.1 eða lið 3.1.2.1 í I. viðauka. Hafi viðurkenningaryfirvaldið ekki leyft þetta er sett bil í stað stjörnunnar.
- 3.3. EB-gerðarviðurkenningarkerkið skal fest á varnarbúnaðinn framan á ökutækinu þannig að það sé óafmáanlegt og auðlæsilegt, jafnvel þegar varnarbúnaðurinn er festur á ökutækið.
- 3.4. Sýnishorn af EB-gerðarviðurkenningarkerkinu er að finna í 5. viðbæti.
-

## I. viðbætur

## UPPLÝSINGASKJAL nr. [...]

**Samkvæmt I. viðauka við tilskipun ráðsins 70/156/EBE um EB-gerðarviðurkenningu ökutækja með tilliti til að þau séu búin varnarbúnaði að framan**

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þrítí og með efnisyfirliti ef við á. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar. Ef sérstök smíðæfni eru í búnaði, íhlutum eða aðskildum tæknieiningum skulu fylgja upplýsingar um virkni þeirra..

0. ALMENNT
- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
- 0.2. Gerð og almennt/almenn verslunarheiti):
- 0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu:
- 0.3.1. Staðsetning auðkennisins:
- 0.4. Ökutækjaflokkur:
- 0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda:
- 0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:
1. ALMENNIR SMÍÐÆIGINLEIKAR ÖKUTÆKISINS
- 1.1. Ljósmyndir og/eða teikningar af dæmigerðu ökutæki:
2. MASSAR OG MÁL (í kg og mm) (Sjá teikningar þar sem við á)
- 2.8. Tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu eins og framleiðandi hefur tilkynnt hann (hámark og lágmark):
- 2.8.1. Dreifing massans á ásana (hámark og lágmark):
9. YFIRBYGGING
- 9.1. Gerð yfirbyggingar:
- 9.[11]. Varnarbúnaður framan á ökutæki
- 9.[11].1. Almenn fyrirkomulag (á teikningum eða ljósmyndum) þar sem fram komi staðsetning og festing varnarbúnaðar framan á ökutæki:
- 9.[11].2. Teikningar og/eða ljósmyndir, þar sem við á, af loftinntaksristum, vatnskassarist, skrautlistum, merkjum, tákmyndum og dældum ásamt öllum öðrum útstæðum hlutum og hlutum ytra borðs sem líta má á sem hættulega (t.d. ljósabúnað). Teljist hlutarnir, sem taldir voru upp í síðustu setningu, ekki vera hættulegir er heimilt, með tilliti til skráningar, að í stað þeirra komi ljósmyndir ásamt upplýsingum um stærðir og/eða lesmál:
- 9.[11].3. Tæmandi upplýsingar um festingar, sem krafist er, og ítarlegar leiðbeiningar, þ.m.t. kröfur um snúningsvægi að því er varðar festingar:
- 9.[11].4. Teikningar af stuðurum:
- 9.[11].5. Teikningar af gólfínu á framhluta ökutækisins:

Dagsetning:

\_\_\_\_\_

## 2. viðbætur

## UPPLÝSINGASKJAL nr. [...]

**Varðandi EB-gerðarviðurkenningu varnarbúnaðar framan á ökutæki sem aðskilinnar tæknieiningar (2005/66/EB)**

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þrítí og með efnisyfirliti ef við á. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef sérstök smíðaefni eru í búnaði, ihlutum eða aðskildum tæknieiningum skulu fylgja upplýsingar um virkni þeirra.

0. ALMENNT
- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
- 0.2. Gerð og almennt/almenn verslunarheiti):
- 0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda:
- 0.7. Staðsetning og aðferð við að festa EB-gerðarviðurkenningarmerkið á:
  1. LÝSING Á BÚNAÐINUM
  - 1.1. Nákvæm tæknilysing (ásamt ljósmyndum eða teikningum):
  - 1.2. Leiðbeiningar um samsetningu og uppsetningu, þ.m.t. nauðsynlegt snúningsvægi:
  - 1.3. Upptalning á ökutækjum sem festa má búnaðinn á.
  - 1.4. Takmarkanir á notkun og skilyrði fyrir áfestingu:

## 3. viðbætur

(FYRIRMYND)

(hámarksstærð: A4 (210 x 297 mm))

**EB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ**

STIMPILL YFIRVALDS

Tilkynning um:

- gerðarviðurkenningu
- rýmkun gerðarviðurkenningar
- synjun gerðarviðurkenningar
- afturköllun gerðarviðurkenningar

á gerð ökutækis með varnarbúnað að framan sem festur er á með tilliti til tilskipunar 2005/66/EB.

Gerðarviðurkenningarnúmer:

Ástæða fyrir rýmkun:

## I. HLUÐI

- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
- 0.2. Gerð og almennt/almenn verslunarheiti):
- 0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu:
  - 0.3.1. Staðsetning auðkennisins:
- 0.4. Ökutækjaflokkur:
- 0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda:
- 0.7. Staðsetning og aðferð við að festa EB-gerðarviðurkenningarkerkið, ef um er að ræða varnarbúnað framan á ökutæki:
- 0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verkmiðja:

## II. HLUÐI

1. Viðbótarupplýsingar (þar sem við á): Sjá viðbót
2. Tækniþjónusta sem annast prófanirnar:
3. Dagsetning prófunarskýrslu:
4. Númer prófunarskýrslu:
5. Athugasemdir (ef einhverjar eru): Sjá viðbót
6. Staður:
7. Dagsetning:
8. Undirskrift:
9. Meðfylgjandi er skrá yfir innihald upplýsingasafnsins sem viðurkenningaryfirvöld varðveita en það má fá afhent sé þess óskað.

## Viðbót

## við vottorð um EB-gerðarviðurkenningu nr. [...]

varðandi gerðarviðurkenningu ökutækis að því er varðar áfestingu varnarbúnaðar að framan

1. Viðbótarupplýsingar, ef einhverjar:
2. Athugasemdir:
3. Niðurstöður úr prófun að því er varðar 3. lið I. viðauka

Prófun	Skráð gildi		Stenst prófun/stenst ekki prófun
Prófunarfótleggur í varnarbúnað framan á ökutæki — þrjár prófunarstöður (ef prófun fer fram)	Beygiuhorn	..... ..... Gráður .....	
	Skarfærsla	..... ..... mm .....	
	Hröðun við sköflung	..... ..... g .....	
Prófunarlærleggur í varnarbúnað framan á ökutæki — þrjár prófunarstöður (ef prófun fer fram)	Samtala höggkraftanna	..... ..... kN .....	
	Beygjukraftvægið	..... ..... Nm .....	
Prófunarlærleggur í fremstu brún varnarbúnaðar framan á ökutæki — þrjár prófunarstöður (eingöngu eftirlit)	Samtala höggkraftanna	..... ..... kN .....	
	Beygjukraftvægið	..... ..... Nm .....	
Líkan af höfði barns/smávaxinnar fullorðinnar manneskju (3,5 kg) í varnarbúnað framan á ökutæki	HPC-gildi (a.m.k. þrjú gildi)	..... ..... .....	

## 4. viðbætur

(FYRIRMYND)

(hámarksstærð: A4 (210 x 297mm))

**EB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ**

STIMPILL YFIRVALDS

Tilkynning um:

- gerðarviðurkenningu
- rýmkun gerðarviðurkenningar
- synjun gerðarviðurkenningar
- afturköllun gerðarviðurkenningar

á gerð varnarbúnaðar framan á ökutæki sem er aðskilin tæknieining með tilliti til tilskipunar 2005/66/EB.

Gerðarviðurkenningarnúmer:

Ástæða fyrir rýmkun:

## I. HLUTI

- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
- 0.2. Gerð og almennt/almenn verslunarheiti):
- 0.3. Gerðarauðkenni, ef það er merkt á varnarbúnaðinn framan á ökutæki:
  - 0.3.1. Staðsetning auðkennisins:
- 0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda:
- 0.7. Staðsetning og aðferð við að festa EB-gerðarviðurkenningarkerkið á:
- 0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

## II. HLUTI

1. Viðbótarupplýsingar: Sjá viðbót
2. Tækniþjónusta sem annast prófanimar:
3. Dagsetning prófunarskýrslu:
4. Númer prófunarskýrslu:
5. Athugasemdir (ef einhverjar eru): Sjá viðbót
6. Staður:
7. Dagsetning:
8. Undirskrift:
9. Meðfylgjandi er skrá yfir innihald upplýsingasafnsins, sem viðurkenningaryfirvöld varðveita, en það má fá afhent sé þess óskað.

## Viðbót

## við vottorð um EB-gerðarviðurkenningu nr. [...]


varðandi gerðarviðurkenningu varnarbúnaðar framan á ökutæki með tilliti til tilskipunar 2005/66/EB

1. Viðbótarupplýsingar:
  - 1.1. Áfestingaraðferð:
  - 1.2. Leiðbeiningar um samsetningu og uppsetningu:
  - 1.3. Skrá yfir ökutæki sem festa má varnarbúnað að framan á, allar takmarkanir á notkun og skilyrði um ásetningu:
2. Athugasemdir:
3. Niðurstöður úr prófun að því er varðar 3. lið I. viðauka

Prófun	Skráð gildi		Stenst prófun/stenst ekki prófun
Prófunarfótleggur í varnarbúnað framan á ökutæki — þrjár prófunarstöður (ef prófun fer fram)	Beygjuhorn	..... ..... Gráður .....	
	Skerfærsla	..... ..... mm .....	
	Hröðun við sköflung	..... ..... g .....	
Prófunarlærleggur í varnarbúnað framan á ökutæki — þrjár prófunarstöður (ef prófun fer fram)	Samtala höggkraftanna	..... ..... kN .....	
	Beygjukraftvægið	..... ..... Nm .....	
Prófunarlærleggur í fremstu brún varnarbúnaðar framan á ökutæki — þrjár prófunarstöður (eingöngu eftirlit)	Samtala höggkraftanna	..... ..... kN .....	
	Beygjukraftvægið	..... ..... Nm .....	
Líkan af höfði barns/smávaxinnar fullorðinnar manneskju (3,5 kg) í varnarbúnað framan á ökutæki	HPC-gildi (a.m.k. þrjú gildi)	..... ..... .....	

## 5. viðbætur

Dæmi um EB-gerðarviðurkenningarmerki



Búnaðurinn sem ber EB-gerðarviðurkenningarmerkið hér að ofan er varnarbúnaður framan á ökutæki sem hefur fengið gerðarviðurkenningu í Þýskalandi (e1) samkvæmt þessari tilskipun (01) með grunnviðurkenningarnúmerinu 1471.

Stjarnan gefur til kynna að varnarbúnaðurinn framan á ökutækinu var viðurkenndur með tilliti til höggbúnaðar prófunarfötleggjar sem gert er ráð fyrir í lið 3.1.1.1 eða lið 3.1.2.1 í I. viðauka. Hafi viðurkenningaryfirvaldið ekki leyft þetta er sett bil í stað stjörnu.

